

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Ársskýrsla Samfélagsverkefnis gegn spillingu
Date: þriðjudagur, 2. janúar 2024 09:18:02
Attachments: [Fylgiskjal 1. Fiskeldisfréttir nr. 2 2023.pdf](#)

Gleðilegt nýtt ár

Í viðhengi með tölvupósti er Ársskýrskýrsla Samfélagsverkefnis gegn spillingu 2023. Skýrslan gefur gott heilstætt yfirlit yfir verkefni ársins 2023.

Margt jákvætt

Það er margt jákvætt við nýlega stefnumótun og frumvarp um lagareldi. Vinnubrögðin mun faglegra og heiðarlegri en var þegar lög um fiskeldi voru unnin og samþykkt á Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Þrátt fyrir það hefur undirritaður fjölmargar athugasemdir og ábendingar við frumvarp um lagareldi sem nú er til umsagnar. Vinnan á fyrrihluta ársins 2024 mun að miklu leiti snúast um gerð athugasemda og ábendinga er varða frumvarp um lagareldi. Mörg mistök voru gerð þegar lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019, sumt er leiðrétt í frumvarpi um lagareldi en á öðru á eftir að taka.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í rúm 30 ár og m.a. komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi á tímabilinu 2017-2019. Í byrjun ársins 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi og þið verðið reglulega upplýst um framganginn.

Yfirlit um málið er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Með kveðju
Valdimar Ingi Gunnarsson
Samfélagsverkefni gegn spillingu
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
valdimar@sjavarutvegur.is
Sími 6952269
www.lagareldi.is